

komudagur 18/12 1993

Tillaga um breyting á frumvarpi til laga um breytingar í skattamálum

1. Við frumvarpið bætist ný grein, er verður 14. gr., er orðist svo:
Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:
Tekjuskattur lögaðila, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal við álagningu tekjuskatts á árinu 1994 vegna tekna ársins 1993 vera 39% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.
2. Við 14. gr. frumvarpsins bætast tveir nýir stafliðir, er verða b. og d. stafliðir, og breytist röð annarra stafliða til samræmis. Hinir nýju stafliðir orðast svo:
b. 6. tölul. orðast svo:
Fólksflutningar.
d. 13. tölul. orðast svo:
Þjónusta ferðaskrifstofa.
3. 17. gr. frumvarpsins orðast svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:
a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, sem verður 8. tölul., er orðast svo:
Samningsbundnar greiðslur úr ríkissjóði vegna mjólkurframleiðslu og sauðfjárframleiðslu.
b. 9. tölul. orðast svo:
Sala bóka á íslenskri tungu jafnt frumsaminna sem þýðdra.
4. a. liður 18. gr. frumvarpsins orðast svo:
1., 3. og 5. tölul. 14. gr. laganna falla niður.
5. Við 31. gr. frumvarpsins bætist nýr málslíður er orðast svo:
Þó skulu ákvæði b-liðs 18. gr. og 28. gr. laganna öðlast gildi 1. mars 1994.
6. Við frumvarpið bætist nýr kafli er verði 9. kafli:
IX. kafli
Um breyting á lögum nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum.
52. gr.
Í stað hlutfallstölunnar "5" í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í 23. gr. komi:8

xxx. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breytingar í skattamálum.

Frá x minnihl. efnahags- og viðskiptanefndar (SJS).

1. Við frumvarpið bætist ný grein er verði 7. gr. og orðist svo:
í stað tölunnar „282.264“ í 1. mgr. A liðar 68. gr. kemur: 287.064.
2. Við frumvarpið bætist ný grein, er verður 15. gr., er orðist svo:
Tekjuskattur lögaðila, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr.75/1981, með síðari breytingum, skal við álagningu tekjuskatts á árinu 1994 vegna tekna ársins 1993 vera 39% af tekjuskattstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.
3. Við 14. gr. frumvarpsins bætast tveir nýir stafliðir, er verða b. og d. stafliðir, og breytist röð annarra stafliða til samræmis. Hinir nýju stafliðir orðast svo:
b. 6. tölul. orðist svo:
Fólksflutningar.
d. 13. tölul. orðist svo:
Þjónusta ferðaskrifstofa.
4. 17. gr. frumvarpsins orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:
a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, sem verður 8. tölul., er orðast svo:
Samningsbundnar greiðslur úr ríkissjóði vegna mjólkurframleiðslu og sauðfjárframleiðslu.
b. 9. tölul. orðast svo:
Sala bóka á íslenskri tungu jafnt frumsaminna sem þýddra.
5. a. liður 18. gr. frumvarpsins orðast svo:
1., 3. og 6. tölul. 14. gr. laganna falla niður.
6. Við 31. gr. frumvarpsins bætist nýr málslíður er orðast svo:
Þó skulu ákvæði b-liðs 18. gr. og 28. gr. laganna öðlast gildi 1. mars 1994.
7. Við 32. gr. frumvarpsins bætist ákvæði til bráðabirgða er verði ákvæði III og orðist svo:
Á tímabilinu 1. janúar til 28. febrúar 1994 skal endurgreiða hluta virðisaukaskatts af mjólk, kjöti, fiski, eggjum og fersku innlendu grænmeti sem ætlað er til neyslu eða matvörugerðar, þannig að skattgreiðslur við frumsölu að teknu tilliti til endurgreiðslunar verði sem næst 14%.
8. Við frumvarpið bætist nýr kafli er verði 9. kafli:
IX. kafli
Um breyting á lögum nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum.
52. gr.
Í stað hlutfallstölunnar "5" í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í 23. gr. komi:8